

Sp.

45. Tillaga til þingsályktunar

[40. mál]

um kjarnorkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson,
Gísli Guðmundsson, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að sérstök stofnun fylgist með nýjungum í þeim efnum og hafi með höndum rannsóknir og forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðráðanlegt er.

Greinargerð.

Hagnýting kjarnorku til friðsamlegra starfa virðist vera eitt af stærstu viðfangsefnum vísindanna nú á tímum. Engin þjóð, hvort sem hún er fjölmenn eða fámenn, getur talið það mál sér óviðkomandi. Það viðhorf hafa Íslendingar fyrir sitt leyti staðfest með þátttöku í alþjóðaráðstefnu þeirri, sem haldin var í Genf í ágústmánuði í sumar.

Á ráðstefnu þessari skýrðu vísindamenn margra þjóða frá niðurstöðum undangenginna rannsókna. Fátt eitt er almenningi kunnugt af þeim mikla fróðleik, er þar kom fram, en þó er ljóst af frásögnum um þessi efni, að þegar eru fyrir hendi margháttaðir möguleikar til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna. Má í því sambandi t. d. nefna notkun geislavirkra efna til lækninga og einnig til ýmiss konar rannsókna í þágu landbúnaðar og iðnaðar.

Í sambandi við þessi mál hefur verið bent á það, að framleiðsla á þungu vatni við jarðhita kynni að geta orðið arðvænlegur stóriðnaður hér á landi. Ætti það að athuga til hlítar þann möguleika að verða eitt af verkefnum milliþinganeftdarinnar, sem kosin var á síðasta Alþingi til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að taka til atnugunar, hver skilyrði eru til notkunar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi. Enn fremur að undirbúa það, að sérstakri stofnun, ef heppilegt þykir, verði falið að fylgjast með nýjungum á þessu sviði, annast rannsóknir og hafa forgöngu um hagnýtingu nýjunganna, eftir því sem framkvæmanlegt og heillavænlegt þykir. Að áliti flm. getur komið til mála, að þessi verkefni verði falin rannsóknaráði ríkisins, nema betur þyki henta að athuguðu máli að setja á fót sérstaka stofnun til að annast þau viðfangsefni.